

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Garðahreppi, Gullbringusýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 150% álagi í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsen.

Hallgrímur Dalberg.

9. janúar 1970.

Nr. 12.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Biskupstungnahreppi, í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsen.

Hallgrímur Dalberg.

9. janúar 1970.

Nr. 13.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966.**

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1970 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir sildar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. september 1970 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.